

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulagsbreyting, Reykholt, Skólavegur, Reykholtubrekkja, Tungurimi, verslunar- og þjónustuvæði og breytt lega vegar og afmörkun lóða.*

Um er að ræða deiliskipulagsbreytingu sem varðar auknar heimildir fyrir stækkun hótels á lóð að Skólavegi 1. Auk þess er legu götunnar Tungurima breytt á skipulagi í takt við gatnahönnun götunnar, lóðir umhverfis götuna eru aðlagðar að breyttri legu. Þá er gamla leikskólanum á Reykholtubrekkju 4 breytt úr íbúðarlóð í verslunar- og þjónustulóð og skilgreindir skilmálar fyrir lóðina. Jafnframt er gert ráð fyrir mögulegri stækkun á leikskólanum Álfaborg til austurs. Samþykkt í sveitarstjórn 21. ágúst 2024.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 4. september 2024.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**